

# TILLITSSÖM OG VIRÐINGARFULL NÁLGUN GAGNVART ÞOLENDUM HATURSGLÆPA

## ANNAÐ ÁFALL FYRIR BROTAPOLA (e. **SECONDARY VICTIMIZATION**)

Brotapolar geta orðið fyrir öðru áfalli ef óviðeigandi aðferðum eða nálgun er beitt í upphafi máls. Til að koma í veg fyrir að þolendur hatursglæpa upplifi að brotið sé á þeim í annað sinn er mikilvægt að öll þau sem eiga í samskiptum við þolandann séu meðvituð um eigin fordóma og hlutdrægni og geri sér grein fyrir afleiðingum hatursglæpa fyrir einstaklinga sem og samfélög.



## AF HVERJU ER ÞETTA MIKILVÆGT FYRIR ÞOLENDUR HATURSGLÆPA?

Ein af ástæðunum fyrir því hatursglæpir eru sjaldnar tilkynntir er vegna þess að þolandinn skynjar að hann verði ekki tekinn alvarlega. Margir þolendur hatursglæpa trúa því einnig að yfirvöld muni hafa sömu fordóma og gerandinn. Þess vegna er mikilvægt að fagaðilar innan réttarkerfisins leiti allra leiða til að tryggja að komið sé fram við þolendur hatursglæpa af tillitssemi og virðingu.

Allir fagaðilar sem starfa innan löggæslu og réttarkerfisins bera ábyrgð á því að tryggja að komið sé fram við brotapolu af tillitssemi og virðingu. Þess vegna þarf aðkomu allra aðila til að byggja upp tillitssama og virðingarfulla nálgun.

Tillitsöm og virðingarfull nálgun getur aðstoðað við að ávinna sér traust brotapolu og ýtt undir jákvæða reynslu viðkomandi af réttarkerfinu. Það hjálpar einnig brotapolu við að leggja fram öll sín helstu sönnunargögn og koma í veg fyrir þau endurupplifi áfallið á meðan ferlinu stendur og utan þess.


## TILLITSSÖM OG VIRÐINGARFULL NÁLGUN Í VERKI

Fyrstu samskipti lögreglu við þolendur hatursglæpa skipta mestu máli varðandi framhald málsins í réttarvörslukerfinu.

Sú upplifun sem þolandinn hefur af fyrstu samskiptum getur haft áhrif á hvernig þau upplifa allt réttarkerfið og haft veruleg áhrif á vilja þeirra til að tilkynna mál sitt, eiga í samvinnu við lögreglu og deila mikilvægum smáatriðum um mál sitt.


### Pegar upp kemur mögulegt hatursglæpamál þá skal lögreglan:

- ✓ vera meðvituð um ákveðin vernduð persónueinkenni og hvernig þau geta blandast saman, til að geta borið kennsl á hver þolandi hatursglæpsins er.
- ✓ nota þolendamiðaða nálgun þegar brugðist er við hatursglæpum.
- ✓ virða sýn þolandans sem varð fyrir fordómafullri árás geranda.
- ✓ gera ráð fyrir þörf á frekari öryggisgæslu miðað við upplifan þolandans.



**Við fyrstu samskipti lögreglu við þolendur hatursglæpa skal koma fram af tillitssemi og virðingu og hafa eftirfarandi lykilatriði í huga:**

- ✓ Gætið þess að brotþoli sé í öruggu einkarými og sé fjarri geranda.
- ✓ Upplýsið brotþola um réttindi sín og þann stuðning sem stendur þeim til boða.
- ✓ Gerið einstaklingsbundnu þarfagreininguna (e. INA, individual needs assessment) til að greina hverjar öryggisþarfirnar eru, greina hættuna á öðru áfalli, ógnunum og hefndum og vísið viðkomandi til fagaðila sem geta veitt frekari stuðning.
- ✓ Athugið hvort þörf sé á aðstoð við samskipti. Virðið það ef þolandinn þarf á túlkþjónustu að halda, lögfræðingi eða vill hafa einhvern annan viðstaddan á meðan á viðtalinu stendur og á öllum málsmeðferðartímanum.
- ✓ Skráið vandlega það sem brotþoli segir, þar á meðal ef viðkomandi hefur einhverjar hugmyndir um hverskonar fordómar liggja á bakvið atvikið.
- ✓ Hvetjið þolandann til að segja sína sögu með eigin orðum.
- ✓ Upplýsið brotþola um hver næstu skref í rannsókninni eru.



**Eftirfarandi samskiptavenjur skulu viðhafðar til að koma í veg fyrir að valda brotþola öðru áfalli:**

- ✓ Löggreglufulltrúar skulu gæta að raddblæ, líkamstjáníngu og orðavali og hvernig er hægt að mistúlka það.
- ✓ Vanda skal orðaval á öllum tímum og ekki skal nota orð sem gefa í skyn mismunun, fordóma eða er á einhvern hátt óviðeigandi, það á við einnig um orðatiltæki, slangur eða brandara.
- ✓ Forðist að draga ályktanir um hjúskaparstöðu einstaklinga, félagslega stöðu eða búsetu. Gætið þess að draga ekki ályktanir um hegðun út frá trúarbrögðum, skoðunum eða menningu viðkomandi.
- ✓ Spyrjið einstaklinga hvernig þau vilja láta ávarpa sig í stað þess að draga ályktanir um kyn og notið orðaval sem útilokar engan.
- ✓ Gætið þess að tala þannig að viðkomandi eigi auðvelt með að skilja og svarið öllum spurningum sem brotþoli gæti haft.
- ✓ Beitið virkri hlustun og sýnið áhuga á þeim aðstæðum sem brotþoli er í og gætið þess að grípa ekki fram í heldur leyfið viðkomandi frekar að tjá sig án truflana.



Frekari upplýsingar er að finna í efni frá EStAR: [\*\*Leiðarvísir um hvernig skal koma fram við þolendur hatursglæpa af tillitssemi og virðingu í réttarkerfinu\*\*](#) og [\*\*Virðingarfull og tillitssöm nálgun gagnvart þolendum hatursglæpa: námskeið fyrir fagaðila innan réttarkerfisins.\*\*](#)



Verkefnið „Að efla meðvitund hagsmunaðila og úrræði fyrir þolendur hatursglæpa (EStAR) er fjármagnað af aðgerðarhóp Evrópusambandsins um réttindi, jafnrétti og borgaraleg réttindi (European Union's Rights, Equality and Citizenship Programme) (2014-2020) og af stjórnvöldum í Þýskalandi.

